



Mat á áhrifum fyrningarleiðar á stöðu sjávarútvegs á Íslandi

Unnið fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna
september 2009

Landssamband íslenskra útvegsmanna

30. september 2009

Deloitte hf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: +354-580-3000
www.deloitte.is

Að beiðni forsvarsmanna Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og á grundvelli verksamnings milli Deloitte hf. sem verksala og LÍÚ sem verkkaupa, birtir Deloitte áhrif svokallaðar fyrningarleiðar (innköllun aflaheimilda í áföngum), sem er í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og hefur verið í þjóðfélagsumræðunni undanfarið, á rekstur og efnahag fyrirtækja í greininni.

Við vinnslu verkefnisins mun verksali vinna með verkkaupa varðandi samskipti við hagsmunaaðila málsins. Unnin verður skýrsla um helstu niðurstöður þessarar vinnu.

Á grundvelli gagna frá 28 félögum sem ráða yfir um 61% af heildarþorskígildum sjávarútvegs á Íslandi og opinberra gagna s.s. frá Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra, Fiskistofu, Fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands hefur Deloitte lagt fram mat á stöðu greinarinnar í dag og áhrifum fyrningarleiðarinnar á framtíðarrekstur starfandi sjávarútvegsfélaga. Í þessu sambandi er vakin athygli á eftirfarandi:

- Sökum mikillar óvissu í efnahagsumhverfi landsins getur Deloitte ekki talist ábyrgt með einum eða öðrum hætti ef forsendur varðandi horfur í efnahagsmálum og í greininni þróast með öðrum hætti en hér er lagt fram.
- Deloitte lagði hvorki sérstakt né sjálfstætt mat á forsendur upplýsinga heldur stillti þeim einungis upp í samræmi við sögulegar forsendur. Stuðst er við söguleg gögn síðustu ára og leitað skýringa hjá hagsmunaaðilum á forsendum einstakra liða.
- Aðstæður í framtíðinni og forsendur rekstrar eru háðar óvissu, sem veldur því að upplýsingar og áætlanir kunna að breytast í veigamiklum atriðum og hafa þannig áhrif á horfur fram í tímann.
- Deloitte getur ekki borið ábyrgð á túlkun eða notkun á upplýsingum sem hér er að finna.

Í ljósi fyrirvara um ofangreind atriði tekur Deloitte ekki á sig ábyrgð af ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar skýrslu.

Deloitte hf.


Þorvarður Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi / Eigandi
Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
Löggiltur endurskoðandi / Eigandi
Deloitte hf.

Jónas Gestur Jónasson
Löggiltur endurskoðandi / Eigandi
Deloitte hf.

Tölur úr rekstrarreikningum sjávarútvegsfélaga


EBITDA framlegð hefur verið að meðaltali 20% frá árinu 1990



- Rekstrartekjur og framlegð sjávarútvegsfélaga á Íslandi er fengin með skoðun á ársreikningum valinna félaga á árinu 2007 og tölum frá Hagstofu Íslands sem unnið hefur greiningu á ársreikningum sjávarútvegsfélaga frá 1997-2007.
- Meðaltals EBITDA framlegð frá árinu 1997-2007 er 20% af heildartekjum samkvæmt tölum frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands.
- Afskriftir fastafjármuna eru á bilinu 10 – 15 milljarðar á árunum 1997 – 2007. Til ársins 2004 voru eignfærðar aflaheimildir almennt afskrifaðar í ársreikningum sjávarútvegsfélaga.
- Áætlaðar rekstrartekjur fyrir árið 2008 eru byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þær eru áætlaðar 181 milljarður og hækka verulega á milli ára vegna verulegrar veikingar íslensku krónunnar.
- Gert er ráð fyrir á árinu 2009 að verðvísitala sjávarafurða í erlendri mynt lækki um 20% frá árinu 2008 og er það í samræmi við skýrslu frá Fjármálaráðuneytinu, "Þjóðarbúskapurinn – vorskýrsla 2009". Meðalgengisvísitala milli árunna 2008-2009 hækkar um 24% og þannig eru áætlaðar tekjur ársins 2009, 187 milljarðar.
- Stuðst er við sömu verðvísitölu sjávarafurða í erlendri mynt á árunum 2010 og 2011 og á árinu 2009, en 2% árlegum vexti eftir það. Tekjur ársins 2010 eru áætlaðar 175 milljarðar og ársins 2011, 170 milljarðar.
- Þróun gengisvísitölu frá 2009-2011 er í samræmi við spá Seðlabanka Íslands um gengi evru.
- Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt Hagstofu Íslands er á tímabilinu 2005-2007 10,6 milljarðar króna að meðaltali.

Tölur úr efnahagsreikningum sjávarútvegsfélaga

Bókfærðar aflaheimildir eru stærsta einstaka eign sjávarútvegsfélaga



•Bókfærðar aflaheimildir jukust mjög á tímabilinu 1997-2007. Aflaheimildir falla undir aðrar eignir samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands en þær jukust úr 15 milljörðum í 167 milljarða á framangreindu tímabili. Úttekt Deloitte á stöðu sjávarútvegsfélaga í lok október 2008 bendir til þess að bókaðar aflaheimildir séu nú um 200 milljarðar.

•Varanlegir rekstrarfjármunir voru í árslok 1997 um 96 milljarðar en lækka í 89 milljarða í árslok 2007. Sem bendir til hagræðingar í greininni.


•Áhættufjármunir og langtímakröfur fimmfaldast á árunum 1997-2007, fara úr 20 í 100 milljarða. Sjávarútvegsfélögin fjárfestu meðal annars í öðrum sjávarútvegsfélögum sem var hluti af hagræðingu í greininni, en jafnframt í félögum í öðrum atvinnugreinum. Ekki liggur fyrir hvernig þessi fjárhæð skiptist í fjárfestingar í sjávarútvegi annars vegar og öðrum atvinnugreinum hins vegar.

•Heildarskuldir íslenskra sjávarútvegsfélaga hækka úr 123 milljörðum í árslok 1997 í 325 milljarða í árslok 2007. Í úttekt Deloitte í lok október 2008 eru vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins áætlaðar 424 milljarðar og heildarskuldir 489 milljarðar.

•Eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfélaga er stöðugt, fer úr 26,3% í árslok 1997 í 25,3% í árslok 2007. Eigið fé hækkar úr 44 milljörðum í 110 milljarða á tímabilinu.

Heildarskuldir atvinnulífsins og verg landsframleiðsla

Heildarskuldir atvinnulífsins hafa aukist hlutfallslega meira en heildarskuldir sjávarútvegsins



•Í árslok 2001 voru heildarskuldir atvinnulífsins 2.037 milljarðar samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra. Á sama tíma voru heildarskuldir sjávarútvegsfélaga 187 milljarðar samkvæmt Hagstofu Íslands, eða 9,18% af heildarskuldum atvinnulífsins.

•Sambærilegar heildarskuldir atvinnulífsins í árslok 2007 voru 15.685 milljarðar og 325 milljarðar hjá sjávarútvegsfélögum, eða 2,07% af heildarskuldum atvinnulífsins.

•Verg landsframleiðsla árið 2001 var 772 milljarðar samkvæmt Hagstofu Íslands, en 1.301 milljarður árið 2007.


•Framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins var 122 milljarðar árið 2001 samkvæmt Hagstofu Íslands, eða 15,8% af vergri landsframleiðslu. Árið 2007 var framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins 127 milljarðar, eða 9,76% af vergri landsframleiðslu.

•Sjávarútvegurinn skuldaði 1,53 sinnum framleiðsluverðmæti ársins 2001 í árslok, en 2,55 árið 2007. Þannig hefur skuldsetning greinarinnar aukist á þessu 7 ára tímabili.

•Atvinnulífið í heild skuldaði 2,64 sinnum verga landsframleiðslu ársins 2001 í árslok, en 12,06 árið 2007. Því er ljóst að atvinnulífið í heild hefur skuldsett sig mun meira en sjávarútvegurinn.

Áhrif fyrningarleiðar á sjávarútvegsfélög


Sjávarútvegurinn getur að mestu staðið undir skuldum sínum. Fyrirsjáanlegt er að afskrifa þurfi megin hluta þessara skulda ef fyrningarleið verður fyrir valinu.



- Áætluð EBITDA framlegð sjávarútvegsins er reiknuð út frá 20% sögulegri framlegð sjávarútvegsins á árunum 1990-2007.
- Endurnýjunarfjárfestingar eru áætlaðar 10,6 milljarðar sem jafngildir meðaltals afskrift árána 2005-2007.
- Lánstími er reiknaður 20 ár og miðað er við 5% ársvexti.
- Miðað er við að aflaheimildir verði innkallaðar um 5% á ári næstu 20 árin.
- Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til eigenda næstu 20 árin.

Áhrif fyrningarleiðar á starfandi sjávarútvegsfélög

Þrátt fyrir að skuldir verði afskrifaðar um 20% í sjávarútvegi munu núverandi félög ekki lifa fyrningarleiðina af.



- Áætluð EBITDA framlegð sjávarútvegsins er reiknuð út frá 20% sögulegri framlegð sjávarútvegsins á árunum 1990-2007.
- Endurnýjunar fjárfestingar eru áætlaðar 10,6 milljarðar sem jafngildir meðaltals afskrift árunum 2005-2007.
- Lánstími er reiknaður 20 ár og miðað er við 5% ársvexti.
- Miðað er við að aflaheimildir verði innkallaðar um 5% á ári næstu 20 árin.
- Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til eigenda næstu 20 árin.
- Líklegt er að einhver sjávarútvegsfélög munu fara í þrot miðað við núverandi aðstæður. Á þessari mynd hafa vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins verið lækkaðar um 20% vegna gjaldþrota og hagræðingar í greininni. Þrátt fyrir það munu núverandi sjávarútvegsfélög ekki lifa af fyrningarleiðina.

Helstu niðurstöður

Líklegt er að fyrningarleið myndi setja flest núverandi sjávarútvegsfélög í þrot og afskrifa þyrfti stóran hluta af skuldum þeirra, sem þýddi tap fyrir bankakerfið

Staða sjávarútvegs

- **Sjávarútvegurinn getur að mestu staðið undir skuldbindingum sínum, en líklegt er að einhver skuldaaðlögun eigi sér stað vegna slæmrar stöðu sumra sjávarútvegsfélaga**
 - Líklegt er að einhver sjávarútvegsfélög muni fara í þrot miðað við núverandi aðstæður vegna erfiðrar skuldastöðu einstakra félaga, sem stafar m.a. af óarðbærum fjárfestingum.
 - Þrátt fyrir að það gæti þurft að afskrifa 20% af skuldum sjávarútvegs vegna gjaldþrota eða við skuldbreytingar, þá er ekki líklegt að þau félög sem eftir yrðu myndu lifa fyrningarleiðina af. Þau ættu hins vegar að geta staðið undir skuldbindingum sínum í óbreyttu kerfi

Heildarskuldir

- **Heildarskuldir atvinnulífsins hafa aukist hlutfallslega mun meira en heildarskuldir sjávarútvegsins frá árinu 2001 til ársins 2007. Sjávarútvegurinn er því að okkar mati betur í stakk búinn en flestar aðrar atvinnugreinar til að standa undir núverandi skuldbindingum sínum**
 - Heildarskuldir atvinnulífsins í árslok 2001 voru 2.037 milljarðar, en á sama tíma voru heildarskuldir sjávarútvegsfélaga 187 milljarðar, eða 9,18% af heildarskuldum atvinnulífsins.
 - Í árslok 2007 voru heildarskuldir atvinnulífsins 15.685 milljarðar en 325 milljarðar hjá sjávarútvegsfélögum, eða 2,07% af heildarskuldum atvinnulífsins. Við áætlum að heildar vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins verði 395 milljarðar árið 2010. Áætluð framlegð greinarinnar árið 2010 er áætluð 35 milljarðar króna

Áhrif fyrningarleiðar

- **Verði fyrningarleiðin farin mun það kalla á afskriftir skulda, en fjárhæð afskrifta mun fara eftir því hvernig reglur um endurúthlutun aflaheimilda og fjárhæð auðlindagjalds verður**
 - Með fyrningarleiðinni væri verið að kollvarpa núverandi skipulagi greinarinnar. Þetta myndi að okkar mati hafa í för með sér umtalsverðan kostnað, sem felst m.a. í því að flest félög í sjávarútvegi myndu fara í þrot og afskrifa þyrfti skuldir þeirra. Kostnaðurinn myndi lenda á íslensku bönkunum og þar með ríkissjóði, sem þyrfti að fjármagna þá upp á nýtt.
 - Jafnframt er hættu á að verðmæti myndu tapast þar sem þekkingu á veiðum, vinnslu og sölu sjávarafurða þyrfti að byggja að hluta til upp aftur. Umræðan um innleiðingu fyrningarleiðar hefur þegar skapað mikla óvissu í greininni.

Deloitte.